

Tilmæli landlæknis nr. 1/2001

MÖGULEG ÁHÆTTA AF NOTKUN CATGUT sauma sem framleiddir eru úr görnum nautgripa

Catgut er framleitt úr smápörnum nautgripa (og stundum geita). Nautgripagarnir flokkast nú undir afurðir sem taldar geta borið kúariðu, sé þeirra neytt (sbr. tilmæli Evrópusambandsins CD 2000/418/EU og CD 2001/2/EU).

Eftirlitsnefnd um lækningatæki á vegum Evrópusambandsins hefur komist að þeirri niðurstöðu að áhætta á Creutzfeldt-Jacobs sjúkdómi af notkun catgut sauma í skurðaðgerðum sé mögulega hærrí en 1/106 sem talin eru viðmiðunarmörk. Tekið skal þó fram að ekki eru til dæmi um smit sjúkdómsins af þessum völdum. Saumar eru hins vegar framleiddir úr öðrum ólífrænum efnum sem geta í öllum tilvikum komið í stað catgut (sbr. skýrslu um önnur efni en dýraparma til framleiðslu á saumum

frá vísindanefnd Evrópuráðsins um lækningatæki frá 16. september 1998).

Í ljósi þessa er því ekki heimilt lengur að nota catgut unnið úr nautgripapörnum við skurðaðgerðir og sármeðferð á Íslandi. Mælt er til að birgðum verði eytt og þar fylgt reglum um eyðingu lífræns úrgangs.

Landlæknir beinir þeim tilmælum til forstöðumanna að þeir komi þessum ábendingum til hlutaðeigandi aðila, þ.e. lækna, tannlækna, ljósmæðra, hjúkrunarfræðinga, yfirmanna innkaupa og birgðastjóra á stofnunum.

Til forstöðumanna heilbrigðis- stofnana, yfirmanna innkaupa/birgðastjóra, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, héraðslækna, Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, Ljós- mæðrafélags Íslands, Læknafélags Íslands, Tannlæknafélags Íslands.

27. febrúar 2001

Tilkynnið aðsetursskipti !

Áskrifendur Læknablaðsins eru vinsamlega beðnir að tilkynna aðsetursskipti. Tilkynnið breytingar á heimilisfangi í síma 564 4104 eða í netfang: ragnh@icemed.is

Við flutning til útlanda

Við flutning til útlanda fellur niður áskrift að Læknablaðinu sem greidd er með félagsgjöldum til LÍ. Læknar sem vilja halda áskrift að blaðinu þurfa að æskja þess sérstaklega. Áskriftargjald er kr. 6.000 án virðisaukaskatts og ber að greiða fyrirfram. Sími vegna áskriftar Læknablaðsins er 564 4104; netfang: ragnh@icemed.is

Við rúmstokkinn

Sjúkratilfella fundur Fræðslustofnunar lækna verður haldinn laugardaginn 31. mars á Hótel Loftleiðum. Fundurinn hefst kl. 9:15 með kaffi og meðlæti en umfjöllun um sjúkratilfelli hefst kl. 10:10 og lýkur kl. 11:30.

Tilfelli þessa fundar er:

Tuttugu og níu ára karlmaður með bakverk, hækkað kalk í blóði og miklar úrátur í beinum.

Þátttakendur: **Sigurður Björnsson** krabbameinssérfræðingur, mun spreita sig á úrlausn vandamálsins.

Aðrir þátttakendur verða tilkynntir síðar.

Félagsskírteini LÍ

Gefin hafa verið út félagsskírteini LÍ. Þetta er nýmæli sem vonandi mun mælast vel fyrir hjá félagsmönnum. Á skírteininu kemur fram nafn viðkomandi félagsmanns og kennitala, auk merkis Læknafélags Íslands. Gegn framvísun skírteinisins mun fást afsláttur á ýmiss konar vöru og þjónustu sem samið hefur verið um.

Skírteinin verða send út í byrjun mars og með þeim listi yfir fyrirtæki sem veita munu afslátt.

Læknafélag Íslands

Icelandic Medical Association

Félagsskírteini

Nafn:

Kennitala:

Framvisið persónuskilríkjum



Formannaráðstefna og aðalfundur LÍ

Formannaráðstefna LÍ verður haldin í Reykjavík 11. maí næstkomandi.

Aðalfundur LÍ árið 2001 verður haldinn í Reykjavík dagana 12. og 13. október næstkomandi.

Stjórnin